

# Starfsáætlun Sunnuhlíðar 2024-2025

## 1. Kynning á frístundarheimilinu

Sunnuhlíð er frístundaheimili fyrir börn í 1.-4. bekk. Frístundin er opnar eftir að skóla lýkur og veitir börnum öruggt og þroskandi umhverfi til að leika sér og læra. Markmið Sunnuhlíðar er að bjóða upp á fjölbreytt tómsbundastarf fyrir 6-9 ára börn þegar daglegri dagskrá lýkur.

Leiðarljós frístundar er að hver einstaklingur fái að njóta sín og þroskast í umhverfi sem einkennist af hlýju, öryggi og virðingu. Lögð er áhersla á að efla félagslega færni í samskiptum í gegnum leik og starf, auk þess að stuðla að virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu.



## 2. Markmið og stefna

Frístundarstarfið miðar að því að:

- **Efla félagslega færni barna** í samskiptum.
- **Þroska sjálfstæði** og ábyrgðartilfinningu.
- **Stuðla að sköpunargleði** og virkri þátttöku í leik og starfi.
- **Skapa tækifæri til lýðræðislegra vinnubragða**, þar sem börn fá tækifæri til að móta sitt eigið umhverfi og starf.

## 3. Yfirlit yfir starfsfólk frístundar

- **Umsjónarmaður Frístundar:** Helga Ægisdóttir heldur utan um starfið í Sunnuhlíð. Hún ber ábyrgð á að samfella sé í starfi frístundar og fundar reglulega með starfsfólki hennar og skólastjóra. Umsjónarmaður frístundar er þeim eiginleika gæddur að þekkja hvert einasta barn með nafni sem skráð er í frístundina og er í góðu sambandi við foreldra.
- **Starfsfólk Sunnuhlíðar** má sjá [hér](#).

#### 4. Dagskrá Sunnuhlíðar 2024-2025

Tími	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
07:30 - 08:30	Frjáls leikur/rólegur tími	Frjáls leikur/rólegur tími	Frjáls leikur/rólegur tími	Frjáls leikur/rólegur tími	Frjáls leikur/rólegur tími
14:10 - 15:00	Útivera, Síðdegishressing	Útivera, Síðdegishressing	Útivera, Síðdegishressing	Útivera, Síðdegishressing	Útivera, Síðdegishressing
		Kór 8-9 ára		Skákæfing	
15:00 - 16:45	Hópastarf/tómstundir	Hópastarf/tómstundir	Hópastarf/tómstundir	Hópastarf/tómstundir	Hópastarf/tómstundir
		Skákæfing	Kór 7 ára		
15:45 - 17:15	Frjáls leikur/rólegur tími	Frjáls leikur/rólegur tími	Frjáls leikur/rólegur tími	Frjáls leikur/rólegur tími	Frjáls leikur/rólegur tími

#### 5. Samstarf

Frístundarstarfið styður við heilbrigða lífshætti barna með áherslu á sjálfstraust, félagslega hæfni og lífsleikni. Markmið frístundar er að mæta börnunum þar sem þau eru stödd og leiða þau áfram í átt að aukinni færni og þroska. Við leggjum áherslu á að kenna börnum markviss vinnubrögð og stuðla að góðum samskiptum.

#### 6. Stuðningur við börn með sérþarfir

Þjónusta við börn með sérþarfir er skipulögð í samvinnu við foreldra, kennara og aðra fagaðila. Fagstjóri sérkennslu ber ábyrgð á upplýsingamiðlun til umsjónarmanns frístundar um þarfir nemenda með sérþarfir. Það er tryggt að börn með sérþarfir fái þann stuðning sem þau þurfa í samræmi við sérþarfir þeirra og áherslur.

#### 7. Mælanleg markmið

Árangur barna er metinn reglulega með því að skrá þátttöku þeirra í smiðjum, hópastarfi og frjálsum leik. Í lok vikunnar er farið yfir það sem barnið tók þátt í, rætt við barnið um hvað það lærði og hvernig það upplifði daginn. Þessi markvissa skráning gerir okkur kleift að meta árangur barnanna bæði í leik og starfi.

#### 8. Foreldrasamstarf

Gott samstarf við foreldra er lykilatriði í velgengni frístundarstarfsins. Við leggjum áherslu á regluleg samskipti í gegnum dagleg samskipti, fréttabréf og reglulega fundi með foreldrum. Umsjónarmaður frístundar er í nánú sambandi við foreldra til að tryggja að börnin njóti sín sem best í frístundinni.

#### 9. Öryggisreglur og eftirlit

Skólalóðin er vel mönnuð starfsfólki frístundar sem leiðbeinir börnum í leik og starfi. Ef slys verða, er strax hlúð að barninu og haft samband við foreldra. Fyllt er út slysaskýrsla við hvert tilvik. Við fylgjum öryggisreglum í öllu starfi, bæði innan dyra og utan.

## 10. Matsferli

Starfið og árangur barna verður metinn reglulega með því að framkvæma árlegar úttektir. Skólalámsinn mælir starfsemi Sunnuhlíðar einu sinni á ári. Það tryggir að frístundin uppfylli sett markmið og sé í samræmi við stefnu frístundarinnar um félagslegan þroska og vellíðan barnanna.

### Tómstundaframboð - Haustið 2024

Námskeið	Kostnaður	Tími	Dagur
<b>Valur - fótbolti/handbolti/körfubolti</b>	Greitt hjá Val	2-3x í viku	-
<b>Sirkus Íslands</b>	18.000 kr	14:10 - 15:00	Miðvikudagur
<b>Barnakór (8-9 ára)</b>	Enginn	14:15 - 14:50	Þriðjudagur
<b>Barnakór (7 ára)</b>	Enginn	14:15 - 14:50	Miðvikudagur
<b>Vísindasmiðja</b>	15.200 kr	14:20 - 15:00	Föstudagur
<b>Jóga</b>	20.000 kr	14:15 - 15:00	Þriðjudagur
<b>Táknmál</b>	20.000 kr	14:10 - 14:50	Fimmtudagur
<b>Kínverska (6-7 ára)</b>	Enginn	14:10 - 14:50	Mánudagur
<b>Hreyfimyndagerð</b>	15.000 kr	14:15 - 15:00	Fimmtudagur
<b>Mudo Taekwondo (6-7 ára)</b>	26.900 kr	14:00 - 14:40	Mánudagur

### Nánari lýsingar á námskeiðunum:

- Valur - fótbolti/handbolti/körfubolti:** Börnin taka þátt í íþróttæfingum í Valsheimilínu. Þátttakendur eru keyrðir frá Sunnuhlíð í rútum, en foreldrar sækja börn eftir æfingar. Skráning og greiðslur fara fram beint hjá Val.
- Sirkus Íslands:** Börnin læra sirkuslistir eins og trúðamennsku, grippl (juggling) og loftfímléika. Hámarksfjöldi þátttakenda í hópnum er 15. Námskeiðið er haldið á miðvikudögum kl. 14:10-15:00.
- Barnakór:** Skólakórinn er skiptur í tvo hópa: yngri kór (7 ára) og eldri kór (8-9 ára). Yngri kórinn æfir á miðvikudögum og eldri kórinn á þriðjudögum. Þátttaka í kórnum er foreldrum að kostnaðarlausu.
- Vísindasmiðja:** Tilraunir og nýsköpun í anda STEAM (science, technology, engineering, arts, mathematics). Börnin taka þátt í skemmtilegum verkefnum og fá tækifæri til að læra með því að leika sér og rannsaka. Námskeiðið er haldið á föstudögum kl. 14:20-15:00 og 15:05-15:45.
- Jóga:** Jóga fyrir börn þar sem áhersla er lögð á jafnvægi, einbeitingu og samhæfingu. Börnin læra öndunaræfingar, hugleiðslu og syngja möntrur ásamt því að æfa jógaæfingar. Námskeiðið er haldið á þriðjudögum kl. 14:15-15:00 og 15:15-16:00.
- Táknmál:** Kennsla í táknmáli þar sem börnin læra tákn fyrir dýr, ávexti, tölur, daga og mánuði, auk tákna sem tengjast hátíðum eins og jólum og hrekkjavöku. Námskeiðið er haldið á fimmtudögum kl. 14:10-14:50.
- Kínverska:** Börnin læra kínversku í gegnum leik og söng með skemmtilegum kennslubókum á íslensku. Námskeiðið er haldið á mánudögum kl. 14:10-14:50 (yngri hópur) og 15:00-15:40 (eldri hópur).

- **Hreyfimyndagerð:** Börnin læra að búa til stuttmyndir með spjalddölvum og smáforritunum Stop motion og iMovie. Þau búa til handrit, setja það upp í mynd og nýta Lego til að skapa hreyfimyndir. Námskeiðið er fyrir nemendur í 2.-4. bekk og haldið á fimmtudögum kl. 14:15-15:00 og 15:00-15:45.
- **Mudo Taekwondo:** Börnin æfa Taekwondo undir leiðsögn Sigursteins Snorrasonar, 7. dan. Æfingarnar eru blanda af leikjum og uppbyggilegum æfingum sem leggja áherslu á jafnvægi, styrk og liðleika. Námskeiðið er haldið á mánudögum kl. 14:00-14:40 (yngri hópur) og 14:40-15:20 (eldri hópur).

## Opnunartími og verðskrá

- **Opnunartími:** Sunnuhlíð er opin frá kl. 07:30-08:30 á morgnana og eftir daglegar athafnir frá kl. 14:10-17:15 (16:15 á föstudögum).
- **Verðskrá:**
  - 1-4 tímar á viku 6.000 kr. á mánuði
  - 5-8 tímar á viku 8.400 kr. á mánuði
  - 9-12 tímar á viku 11.800 kr. á mánuði
  - 13-16 tímar á viku 15.400 kr. á mánuði
  - 17-20 tímar á viku 19.300 kr. á mánuði

Tengiliðir frístundar: Helga Ægisdóttir, [helga@isaksskoli.is](mailto:helga@isaksskoli.is), og Lára Jóhannesdóttir [lara@isaksskoli.is](mailto:lara@isaksskoli.is)

Ábyrgðarmaður frístundar er Sigríður Anna Guðjónsdóttir. [siganna@isaksskoli.is](mailto:siganna@isaksskoli.is)